

9.2 Forysta og framtíðaráform

<p>Þemu</p> <ul style="list-style-type: none">• Kerfisbundin áætlanagerð og miðlun upplýsinga• Markviss nýting bjarga	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreinir varðar forystu við að sjá fyrir og skipuleggja framtíðarþróun á grunni sýnar, gilda og markmiða skólans. Hann beinir sjónum að forystuhæfni, þekkingu, faglegri og persónulegri skuldbindingu og mótun verkferla sem vísa veginn.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none">• Stöðugar framfarir og árangur nemenda eru kjarninn í framtíðaráformum okkar. Við tryggjum að námið sé í brennidepli í þróunaráætlunum skólans og forgangsverkefni beinist að kennsluháttum. Markmið skólans eru rædd á þann hátt að öllu starfsfólki og nemendum séu þau vel ljós og geri sér grein fyrir þætti sínum í að þeim verði náð og hvaða áhrif markmiðin hafa á starfið í kennslustofunni.• Rökstuddar og gagnsæjar ákvarðanir eru teknar um hverju skuli varið til að ná viðurkenndum markmiðum og sem bestum árangri. Stjórnendur og starfsmenn með forystuhlutverk sýna í verki mikilvægi námsins með því að heimsækja kennslustofur, leiðbeina um góð vinnubrögð, veita endurgjöf, lýsa eigin skilningi og hvetja til fjölbreytts sjálfsmats. Við stuðlum að menningu þar sem starfsfólk er öruggt og getur tekið að sér leiðtogahlutverk innan og utan kennslustofunnar. <p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none">• Almenn stefnumótun skólastarfs er til en hún hefur ekki verið rædd og kynnt nemendum, foreldrum eða samstarfaðilum nægilega. Skólaþróun, samstarf og árangur eru lykilatriði í áætlunum okkar en við veitum ekki alltaf góða leiðsögn um það hvernig eigi að ná þeim, eða tengsl þeirra við starfið í kennslustofunni/kennsluhætti. Framtíðarstefna okkar er metnaðarfull en byggir ekki alltaf á greiningu viðeigandi gagna.• Við höfum nám í heiðri í þróunaráætlunum okkar en getum ekki alltaf um hvaða úrræði þarf til að styðja það. Starfsmenn með forystuhlutverk eru ekki nægilega virkir í athöfnum sem hafa bein áhrif á nám og kennslu.	